



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 34/2023

Fullyrðingar Adotta CBD Reykjavík ehf. um lyfjavirkni CBD vara

I.

Málsmeðferð

1.

Neytendastofa sendi erindi til Adotta CBD Reykjavík ehf. með bréfi, dags. 17. febrúar 2023, vegna fullyrðinga um virkni snyrtivara sem auglýstar eru til sölu á vefsíðu félagsins, cbdrvk.is. Stofnunin tiltók að um væri að ræða fullyrðingar í útvarpsauglýsingum sem a.m.k. hafi verið útvarpað á Rás 2 dagana 6., 7. og 8. febrúar 2023. Fullyrðingarnar voru svohljóðandi:

„Segðu bless við verkina – CBD Reykjavík“ og „Betri svefn og verkjalaus – CBD Reykjavík“.

Vakti stofnunin athygli félagsins á ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og ákvæði 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Þá vísaði stofnunin til ákvæða 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2013, sem stofnunin teldi koma til skoðunar í málinu.

Neytendastofa vakti enn fremur athygli á því að óheimilt væri að auglýsa lyf sem ekki hafi hlotið markaðsleyfi eða leyfi til samhliða innflutnings hér á landi, sbr. a. lið 1. mgr. 56. gr. lyfjalaga nr. 100/2020, en ákvæðinu sé ætlað að árétta þá ábyrgð sem auglýsendur beri gagnvart neytendum og koma í veg fyrir að almenningur fái rangar og villandi upplýsingar um lyfjavirkni í vörum sem ekki séu lyf.

Að lokum óskaði stofnunin eftir skýringum og athugasemdum félagsins vegna ofangreinds ásamt því að farið var fram á að félagið færi sönnur á ofangreindar fullyrðingar.

2.

Svar Adotta CBD Reykjavík ehf., barst Neytendastofu með bréfi, dags. 1. mars 2023. Í bréfinu var á það bent að Neytendastofa hafi í bréfi sínu frá 17. febrúar fyrirfram tekið þá ákvörðun



að um sé að ræða fullyrðingar, en því sé harðlega mótmælt af hálfu félagsins. Það gefi augaleið að stjórnvaldið hafi með þessu gert sig vanhæft í málinu enda ljóst að stjórnvald sem hafi myndað sér afstöðu með þessum hætti geti ekki talist óvilhallt. Fyrirfram gefin afstaða Neytendastofu hvað þetta varði geri það að verkum að málinu verði ekki framhaldið í núverandi mynd.

Hugtakið fullyrðing þýði samkvæmt orðabók Árnastofnunar; *afdráttarlaus staðhæfing*. Sama orðabók skilgreini afdráttarlaus sem; *skýr og ákveðinn, án efasamda og undanbragða*. Ljóst sé að umræddar setningar uppfylli ekki þessi skilyrði. Því vakni sú spurning hvort að tilefni sé til að skýra texta réttarheimildanna rúmra en leiði af eðlilegri merkingu þeirra. Svo sé ekki. Í skýringum með umræddu lagaákvæði komi ekkert fram um að skýra eigi ákvæðið rýmra en leiði af texta þess eða viðteknum skilningi á hugtakinu. Þá leiði sjónarmið um skýrleika lagaákvæða og viðteknar túlkunarreglur til þess að réttarheimildir sem takmarki athafna- og tjáningarfrelsi borgaranna verða ekki skýrðar með rúmri hætti en leiðir af texta þeirra.

Hið rétta í málinu sé því að umræddar setningar séu ekki fullyrðingar, sbr. hugtaksskilyrði 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Í umræddum setningum sé engu slegið á föstu, engu lofað og ekki gert neitt það sem geti dregið upp ranga mynd af eðli eða virkni vörunnar sem um ræði. Engin afdráttarlaus staðhæfing komi þar fram, hvað þá að hún sé skýr og ákveðin og án undanbragða, í samræmi við það hvernig hugtakið *fullyrðing* sé skilgreint. Þá séu ekki veittar rangar eða villandi upplýsingar um þann ávinning sem að neytandinn hafi af vörunni. Þá sé fráleitt að Neytendastofa skuldi halda því fram að með umræddum setningum sé því haldið fram að varan geti *læknað sjúkleika, röskun á líffæra starfsemi eða vansköpun*. Félaginu sé því ómögulegt annað en að hafna því að það hafi brotið gegn 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 9. gr., b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, eða ákvæði 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009.

Þrátt fyrir ofangreint sé vert að halda því til haga að umræddar vörur hafi margvísleg áhrif, til bóta fyrir notandann. Því til staðfestingar megi vísa til eftirfarandi heimilda en rétt sé að geta þess að þeim til viðbótar séu margvíslegar aðrar rannsóknir sem leitt hafi til sömu niðurstaðna. Sé því ljóst að varan bæti svefn og dragi úr verkjum.

Í bréfinu voru ýmsar tilvísanir til greina sem virðast fjalla um rannsóknir á m.a. Arnica (Fjallagullblóm), Camphor, Djöflakló og Wintergreen olíu.

Þær upplýsingar sem fram komi í meðfylgjandi heimildum, ásamt þeim ótal mörgu reynslusögum, sem félagið hafi fengið um fólk sem hafi átt erfitt með svefn vegna hálsrígs, höfuðverks vegna þess eða annarra vöðvaverkja en fengið bót á með notkun kremsins, séu til staðfestingar á gagnsemi vörunnar, hvað varði verki og svefn. Þó skuli það ítrekað að engum fullyrðingum sé haldið fram þar um, berum orðum, þó að lítið mál sé, skv. framangreindu, að færa sönnur á slíkar fullyrðingar.



Félagið bendi að lokum á að sömu rök og komi fram að ofan eigi við um mótbárur þess gegn meintum brotum á 2. og 4. mgr. efnalaga nr. 61/2013 og a. lið 1. mgr. 56. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Þó skuli á það bent að skv. 11. tl. 1. mgr. 6. gr. lyfjalaga sé það hlutverk Lyfjastofnunar að hafa eftirlit með lyfjaauglýsingum en ekki Neytendastofu. Umrætt tilfelli falli því utan gildissviðs lyfjalaga, þar sem ekki sé um lyf að ræða og utan valdssviðs Neytendastofu, ef um lyf væri að ræða (sem sé ekki).

Í ljósi alls framangreinds sé þess krafist að málið verði látið niður falla vegna formannmarka á málsmeðferð en til vara þar sem að háttsemi félagsins sé fyllilega lögmæt. Ef ekki sé á það fallist sé þess krafist að stjórnvaldið beiti vægasta úrræði í málinu sem lög heimili.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 23. júní 2023, vísaði stofnunin í svarbréf félagsins frá 1. mars og þær skýringar sem þar var að finna. Er lúti að umfjöllun í svarbréfi félagsins um fullyrðingar og skilgreiningar á því orði sé það álit Neytendastofu að það sé engum vafa undirorpið að um fullyrðingar sé að ræða og vísaði í þeim efnum til fjölda ákvarðana Neytendastofu og úrskurða áfrýjunarnefndar neytendamála þar sem umfjöllunarefnið hafi verið fullyrðingar seljenda vöru og þjónustu. Þá sé rétt að vekja athygli á því að ákvæði laga nr. 57/2005 verði túlkuð með hliðsjón af ákvæðum annarra laga og geti þar með t.d. talist villandi eða óréttmætir viðskiptahættir að auglýsa lyfjavirkni vöru sem ekki sé lyf og veita þannig almenningi rangar og villandi upplýsingar sem geta talist brot gegn ákvæðum framangreindra laga. Þá bendi Neytendastofa á að óheimilt sé að fullyrða um aðra eiginleika og hlutverk en eigi við um snyrtivörur skv. skilgreiningu a. liðar 1. tölul. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, um snyrtivörur.

Líkt og fram komi í bréfi Neytendastofu frá 17. febrúar sl. sé það álit Neytendastofu að ákvæði 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, 17. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, ásamt ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2013 komi til skoðunar í málinu.

Þá hafi við skoðun á vefsíðu félagsins komið í ljós önnur fullyrðing sem Neytendastofa telji að þurfi nánari skýringa og sannana. Eftirfarandi fullyrðing sé svohljóðandi:

„CBD virkar á taugakerfi líkamans, hjálpar líkamanum að halda taugakerfinu í jafnvægi.“

Neytendastofa óskaði eftir sönnun fyrir framangreindri fullyrðingu ásamt skýringum og athugasemdum Adotta CBD Reykjavík ehf. vegna ofangreinds og þá sérstaklega rökstuðningi fyrir á hvaða grundvelli félaginu telji sér heimilt að auglýsa lyfjavirkni vöru sem ekki sé lyf.



4.

Svar barst Neytendastofu með tölvupósti, móttæknum 6. júlí 2023. Þar kemur fram að félagið reyni að stíga varlega til jarðar í öllum fullyrðingum hvort sem er á prenti eða í auglýsingum í útvarpi og sjónvarpi. Félagið hafi oft orðið vart við glannalega markaðssetningu hjá öðrum aðilum í þessum geira og kosið að fara ekki þá leið. Samanburður á söluaðilum leiði í ljós að félagið hafi sannarlega verið mjög varkært í þessum efnum. Ástæðan sé einföld – það vilji gera rétt og gera vel. Fyrirtækið hafi verið stofnað af hugsjón og þjónusta þess við viðskiptavinum skipti það öllu máli. Blekkingar og útuersnúningar eigi þar ekki heima.

Er varði þá auglýsingu sem um ræði hafi hún verið sett fram í góðri trú vegna virkni sem það vöðva- og liðkrem sem félagið bjóði til sölu hafi. Kælingin sé t.d. mjög góð þegar vöðvabólga í hálsi valdi höfuðverk og eins hafi hún hentað mörgum vel fyrir svefn, bæði vegna þessa sem og til að leiða hugann frá fótaóeirð og óþægindum í mjóbaki. Sjálfur hafi fyrirsvarsmáður félagsins notað Perozin lengi einmitt í þeim tilgangi. Sé niðurstaða Neytendastofu að þessi nálgun og orðalag sé ekki í lagi verði þessar auglýsingar ekki notaðar aftur.

Er varði jafnvægi á taugakerfið sem var sýnilegt á spurt og svarað síðu félagsins þá sé sú síða einfaldlega að svara spurningum sem félagið fái oft. Þessi setning hafi farið inn eftir að skoðað hafi verið fullyrðingar samkeppnisaðila. Farið hafi farið mjög pent í það og gengið styttra en hafi sést annars staðar og ekki fyrir en félagið hafi lesið sér til um homeostasis. Þessi setning hafi verið tekin út og í raun málsgreinin öll.

Ítrekað sé að félagið vilji gera vel gagnvart öllum yfirvöldum og sérstaklega gagnvart viðskiptavinum félagsins sem telji þúsundir um allt land. Öllum ábendingum og aðfinnslum sé tekið af opnum hug og frekar horft til að gera betur en að þumbast við.

Í tölvupósti félagsins sé að finna hlekkir sem teknir hafi verið saman án mikillar fyrirhafnar og sjálfsagt sé auðvelt að finna enn fleiri tilfelli. Meðfylgjandi póstinum voru hlekkir á síður annarra söluaðila CBD vara.

5.

Með tölvupósti Neytendastofu til Adotta CBD Reykjavík ehf., sendur 6. júlí 2023, var tilkynnt um að stofnunin muni hafa hliðsjón af framangreindum sjónarmiðum og skýringum við töku ákvörðunar. Telji félagið ekki þörf á að leggja fram frekari gögn eða skýringar teljist gagnaöflun málsins lokið og það verði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.



II. Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur bæði að fullyrðingum um virkni snyrtivara sem auglýstar voru á útvarpsmiðlum RÚV sem og fullyrðingum er birtust á vefsíðu Adotta CBD Reykjavík ehf., cbdrvk.is. Undir rekstri málsins vísaði Neytendastofa til ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæða 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, ásamt ákvæðis 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir. Neytendastofa vakti einnig athygli á því að óheimilt væri að auglýsa lyf sem ekki hafi hlotið markaðsleyfi eða leyfi til samhliða innflutnings hér á landi, sbr. a. lið 1. mgr. 56. gr. lyfjalaga nr. 100/2020. Þá vísaði stofnunin einnig til skilgreiningar a. liðar 1. tölul. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009, um snyrtivörur.

Í svörum Adotta CBD Reykjavík ehf. komu í fyrstu fram mótbárur um að ekki væri um fullyrðingar að ræða samkvæmt skilgreiningu þess orðs ásamt því að haldið var fram að umræddar vörur hefðu margvísleg áhrif, til bóta fyrir notandann, og því væri ljóst að vörurnar bæti svefn og dragi úr verkjum. Þá var þess krafist að málið yrði látið niður falla vegna formannmarka á málsmeðferð en til vara þar sem að háttsemi félagsins væri fyllilega lögmæt. Ef ekki væri á það fallist væri þess krafist að stjórnvaldið beiti vægasta úrræði í málinu sem lög heimili.

Á síðari stigum málsins kom fram að umrædd auglýsing hafi verið sett fram í góðri trú vegna virkni vöðva- og liðkremis sem félagið bjóði til sölu og að kæling þess sé t.d. góð þegar vöðvabólga í hálsi valdi höfuðverk ásamt því að henta mörgum vel fyrir svefn. Sé niðurstaða Neytendastofu hins vegar að sú nálgun og orðalag sé ekki í lagi verði hætt að notast við umræddar útvarpsauglýsingar. Þá hafi félagið tekið út af vefsíðu sinni fullyrðingar um virkni vara félagsins á taugakerfið.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 4. mgr. 6. gr. laganna er kveðið á um það að fyrirtæki skuli geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum þeirra. Geti fyrirtæki ekki sannað fullyrðingar sínar geta þær verið til þess fallnar að vera villandi gagnvart neytendum og ósanngjarnar gagnvart keppinautum.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr., sem er í III. kafla, er svohljóðandi:



„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar 1. mgr. 9. gr. laganna, þar sem segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„b. helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar,“

Í 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga er kveðið á um að óheimilt sé að villa um fyrir neytendum með auglýsingu, öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum eða framsetningu efna og efnablandna ásamt því að óheimilt sé að fullyrða í auglýsingum og öðrum svipuðum viðskiptaaðferðum að snyrtivara hafi tiltekna eiginleika eða virkni sem hún hefur ekki.

Þá er í 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, kveðið á um að það séu undir öllum kringumstæðum villandi viðskiptahættir að halda því ranglega fram að vara geti læknað sjúkleika, röskun á líffærastarfsemi eða vansköpun.

3.

Fyrir liggur að Adotta CBD Reykjavík ehf. auglýsti vörur félagsins í útvarpsauglýsingum þar sem vísað var til með beinum hætti að vörur félagsins kæmu í veg fyrir verki og bættu svefn. Þá var á vefsíðu félagsins fullyrt um að CBD virki á taugakerfi líkamans og hjálpi líkamanum að halda taugakerfinu í jafnvægi.

Líkt og fram kom af hálfu stofnunarinnar undir rekstri málsins er það mat Neytendastofu að þrátt fyrir mótbáru félagsins sé engum vafa undirorpið að um fullyrðingar sé að ræða sem falli undir ákvæði 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 enda felst í setningunum „*segðu bless við verkina*“ og „*betri svefn og verkjalaus*“ fullyrðingar um virkni sem eru beintengdar vörum félagsins þar sem vísað er til CBD Reykjavík í lok beggja fullyrðinganna. Þá er ekki hægt að



líta á umfjöllun félagsins á vefsíðu sinni um virkni CBD á taugakerfið öðru vísi en að um fullyrðingu sé að ræða. Því tengdu er það mat Neytendastofu að virða beri allt kynningar- og auglýsingarefni sem fram kemur á vefsíðu félagsins, sama hvaða nafni efninu er gefið, heildstætt og í tengslum við þær vörur sem boðnar eru til sölu á vefsíðunni enda býður félagið vörur sem innihalda CBD til sölu.

Í svörum félagsins hefur komið fram að umrædd auglýsing hafi verið sett fram vegna þeirrar virkni sem vöðva- og liðkrem félagsins hafi. Að mati Neytendastofu verður hins vegar að líta til þess að í auglýsingunum kemur einungis fram: „*Segðu bless við verkina – CBD Reykjavík*“ og „*Betri svefn og verkjalaus – CBD Reykjavík*“. Vísun til „*CBD Reykjavík*“ og fullyrðing um að notendur losni við verki og njóti betri svefns verður því aðeins skilin á þann hátt að verið sé að vísa til virkni CBD vara félagsins. Að mati Neytendastofu verður að sama skapi að líta til þess að Adotta CBD Reykjavík ehf. auglýsir og selur snyrtivörur sem innihalda CBD.

Telur stofnunin ljóst að strangar sönnunarkröfur gildi um fullyrðingar sem eiga við um áhrif ákveðins efnis á heilsu manna og mikilvægt að heimildir þær sem viðkomandi seljandi vísar til séu afdráttarlausar og áreiðanlegar um raunveruleg áhrif efnisins á heilsu þeirra. Þá telur stofnunin ekki hægt að líta framhjá því að hér landi er óheimilt að auglýsa lyfjavirkni snyrtivara sem ekki hafa verið skráðar sem lyf hér á landi og/eða viðkomandi félag ekki fengið markaðsleyfi til að selja vöruna sem lyf hér á landi, sbr. 4. mgr. 33. gr. efnalaga, sbr. og a. lið 1. mgr. 56. gr. lyfjalaga. Með slíkum fullyrðingum og auglýsingum, sem að mati Neytendastofu verður að telja að sé í beinum tengslum við sölu og markaðssetningu á vörum félagsins, er verið að fullyrða um eiginleika og hlutverk sem eiga almennt ekki við um snyrtivörur. Þá er það mat stofnunarinnar að með slíkum fullyrðingum sé verið að markaðssetja CBD snyrtivörur félagsins eins og um lyf sé að ræða sem komi í veg fyrir verki, bæti svefn og komi jafnvægi á taugakerfið. Fullyrðingar á þá vegu í markaðsefni fyrir snyrtivörur eru óheimilar, sér í lagi þegar fjallað er um óstaðfesta lyfjavirkni þeirra. Er það mat stofnunarinnar að með því að birta fullyrðingar um lyfjavirkni snyrtivara með efninu CBD hafi félagið haldið því ranglega fram að vörur þess geti læknað sjúkleika eða röskun á líffærastarfsemi.

Neytendur eiga að geta gengið út frá því að fullyrðingar um eins mikilvæga hagsmuni og heilsu þeirra standist og séu ekki villandi um raunverulega virkni eða hlutverk viðkomandi vöru. Gildir það ekki síst þegar um er að ræða snyrtivöru sem sögð er hafa virkni sem lyf og krefst markaðsleyfis til að heimilt sé að selja viðkomandi vöru hér á landi.

Með hliðsjón af framangreindu telur Neytendastofa að þær fullyrðingar sem um ræðir, bæði í útvarpsauglýsingum sem og á vefsíðu félagsins, veiti rangar upplýsingar um helstu einkenni þeirra vara sem Adotta CBD Reykjavík ehf. býður til sölu. Enn fremur telur Neytendastofa að fullyrðingarnar séu til þess fallnar að valda því að hinn almenni neytandi sem



fullyrðingarnar beinast að, taki viðskiptaákvörðun sem hann myndi ekki annars hafa tekið. Þá eru fullyrðingarnar líklegar til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.

Adotta CBD Reykjavík ehf. hefur því brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003, auk ákvæðis 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með birtingu og útvörpun framangreindra fullyrðinga.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna, og reglum settum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum, sbr. II.-VIII. kafla laganna. Með vísan til alls þess sem fram hefur komið, eðli þeirra fullyrðinga sem um ræðir og þess að brotið er gegn viðskiptaháttum sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir telur Neytendastofa rétt að leggja á stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir laganna.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða telur Neytendastofa brot Adotta CBD Reykjavík ehf. alvarlegt auk þess að stríða gegn góðum viðskiptaháttum. Að teknu tilliti til þessa, umfangs brotsins, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnslulaga og að því virtu að félagið fjarlægði hina umdeildu fullyrðingu af vefsíðu sinni undir rekstri málsins og hygðist stöðva útvörpun hinna umdeildu auglýsinga telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Adotta CBD Reykjavík ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 100.000,- (eitt hundrað þúsund krónur).



III.

Ákvörðunarorð:

„Adotta CBD Reykjavík ehf., Aspartaug 6, 270 Mosfellsbæ, hefur brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, ákvæðum 2. og 4. mgr. 33. gr. efnalaga nr. 61/2003 og 17. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009, um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir, með fullyrðingum um lyfjavirkni snyrtivara í útvarpsauglýsingum og á vefsíðu félagsins.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Adotta CBD Reykjavík ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 100.000 kr. (eitt hundrað þúsund krónur) vegna brotsins. Sektina skal greiða í ríkissjóð innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 7. september 2023

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir